

Tilmæli 3/2025
Tillaga A 1979/UKK
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 3/2025 um örugg stafræn Norðurlönd fyrir börn og ungmenni (A 1979/UKK)

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 3/2025 hvað varðar örugg stafræn Norðurlönd fyrir börn og ungmenni og líti svo á að tilmælin séu *að fullu afgreidd* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að stofna starfshóp um samfélagsmiðla sem á að kanna möguleikann á aukinni vernd stafrænna notenda með samnorrænum reglum og landsbundnum verkefnum.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin um menningarmál þakkar Norðurlandaráði fyrir tilmælin um að koma á fót starfshópi um stafræna miðla. Áhrif stafrænna miðla á líðan barna og ungmenna hafa verið mikið rædd á Norðurlöndum síðustu ár og málefnið snertir fleiri ráðherranefndir.

Norrænu menningarmálaráðherrarnir settu á fót og fjármöggnuðu norrænu hugsmiðjuna um tækni og lýðræði og var lokaskýrsla hennar, *Norræn nálgun á lýðræðislega umræðu á tímum samfélagsmiðla*, birt 2023 með tilheyrandi tillögum. Ein af tillögum hugsmiðjunnar hljóðar svo: „Börn og ungmenni skulu vernduð hvað varðar velferð og öryggi á netinu og þrýst skal á um meira borgaralegt eftirlit.“

Með hliðsjón af þessu samþykktu norrænu menningarmálaráðherrarnir (MR-K), félags- og heilbrigðisráðherrarnir (MR-S) og samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) á vettvangi Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (NORDBUK) að hleypa verkefninu *Norrænt samstarf um tryggara rafrænt lýðræði fyrir börn og ungmenni* af stokkunum. Norræna



velferðarmiðstöðin hefur umsjón með verkefninu og er því ætlað, á árunum 2024–2026, að varpa ljósi á nýjustu þekkingu, rannsóknir og stefnumörkun á Norðurlöndum hvað varðar notkun barna og ungmenna á stafrænum miðlum. Verkefnið er unnið í samstarfi við norrænan stýrihóp sem fulltrúar frá ýmsum stofnunum í löndunum skipa (frá fjölmiðlanefndum, lýðheilsustofnunum og menntageiranum), auk sérfræðinga í málefnum ungmenna. Stýrihópurinn hefur þar á ofan skipað norrænan starfshóp sem samanstendur af fræðimönnum og sérfræðingum á sviðinu.

Verkefnið á að leiða til norrænnar greiningar á góðum og slæmum áhrifum af notkun barna og ungmenna á stafrænum miðlum, sem og yfirlits yfir stefnur og aðgerðir landanna og enn fremur alþjóðlega staðla og ráðstafanir til að tryggja öruggara stafrænt lýðræði fyrir markhópinn. Unnar verða sameiginlegar tillögur á grundvelli niðurstaðna greiningarinnar og samráðs við ýmsa aðila og þær kynntar fyrir Norrænu ráðherranefndinni og fleirum.

Margar þeirra spurninga sem velt er vöngum yfir í nefndarálitinu eru þegar eða geta verið unnar innan ramma verkefnisins. Til að mæta þróuninni þarf leiðbeiningar, löggjöf og/eða tæknilausnir sem stuðla að því að öryggi sé haft til hliðsjónar við alla hönnun, innihald og stillingar. Í þessu sambandi er vert að skoða hvað sé mögulegt að gera á norrænum vettvangi. Geta Norðurlönd tekið á þessum málum í sameiningu og ásamt tæknigeiranum unnið að því að finna ákjósanlegar lausnir og draga úr þeim hugsanlega neikvæðu áhrifum sem vörur þeirra geta haft á börn og ungmenni?

Efnið er á dagskrá í öllum norrænu löndunum og var jafnframt áherslumál á sænska formennskuárinu 2024, nú, í formennskutið Finnlands og Álandseyja, og næst, þegar Danmörk tekur við formennskunni. Vilji og áhugi eru fyrir því að Norðurlönd taki forystu í þessu efni, til dæmis með norrænum staðli eða sameiginlegum vísireglum. Á formennskuári Svía skipulagði Norræna velferðarmiðstöðin stafræna lýðheilsuráðstefnu þar sem meðal annars var rætt um stafræna miðlanotkun barna og ungmenna í norrænu samhengi. Niðurstöður ráðstefnunnar voru teknar saman í skýrslu.¹

Formennska Finnlands og Álandseyja heldur ráðstefnu í september 2025 með yfirskriftinni *Fjölmiðlalæsi og lýðræðisfræðsla*. Hún snýst um samfélagslegan viðnámsþrótt en að hluta til verður fjallað um sama efni og hér um ræðir og velt vöngum yfir samspili algríms og lýðræðis. Á ráðstefnunni verða einnig kynntar fyrstu niðurstöðurnar úr norræna tilraunaverkefninu *Nordisk MIK-index* en fjölmiðlastofnanir í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og á Íslandi hafa þróað aðferð fyrir reglubundnar mælingar á vissum þáttum fjölmiðlalæsis meðal íbúa hvers lands.

¹ Good and equal health in the Nordics: Conference report: <https://nordicwelfare.org/pub/good-and-equal-health-in-the-nordics-conference-report/theme-2-screen-time-and-digital-media-use-among-children-and-youth.html>



Til viðbótar við verkefnið *Norrænt samstarf um tryggara rafrænt lýðræði fyrir börn og ungmenni* hefur formennska Svíþjóðar stuðlað að norrænu samstarfi opinberra stofnana um leiðsögn fyrir löndin í tengslum við stafræna fjölmiðlanotkun barna og ungmenna. Bera stofnanirnar saman bækur sínar um þróun, framkvæmd og mat á tilmælum og leiðbeiningum í löndunum. Auk þess er haft samráð um reglugerð ESB um innri markað fyrir stafrænar þjónustur samkvæmt 28. grein um vernd barna og ungmenna á netinu. Markmiðið er meðal annars að styrkja norrænt samstarf gagnvart ESB og framkvæmdastjórn ESB svo að þrýst verði á tæknirisana um að axla aukna ábyrgð. Meðal annars var haldin sérfræðingaráðstefna í Brussel í júní 2025.

Tillögurnar úr verkefninu *Norrænt samstarf um tryggara rafrænt lýðræði fyrir börn og ungmenni* eru væntanlegar í síðasta lagi haustið 2026 og geta þá orðið grundvöllur að sameiginlegri norrænni löggjöf eða öðrum aðgerðum í löndunum sjálfum. Norræna ráðherranefndin vill ekki grípa fram fyrir hendurnar á þeim sem vinna að verkefninu og bíður tilmæla þeirra með eftirvæntingu.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar leggur til að álitamál sem tekin verða upp í nefndarálitinu verði framsend verkefnisstjóranum í *Norrænu samstarfi um tryggara rafrænt lýðræði fyrir börn og ungmenni*. Álit skrifstofunnar er að fyrirliggjandi verkefni bæði geti og hafi til þess umboð að takast á við álitamálin og því sé ekki í augnablikinu þörf á að skipa annan starfshóp.

Á hinn bóginn sé tilefni til að auka þekkingarmiðlun milli mismunandi sviða þar sem um sé að ræða þverfaglegar spurningar sem eiga undir ýmsa málaflokka. Svar þetta sömdu MR-SAM/NORDBUK, MR-S, MR-DIGITAL og MR-U og niðurstöðum og tilmælum starfshópsins verður dreift til þeirra allra.

Norræna ráðherranefndin um menningarmál telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin er ánægð með það metnaðarfulla starf sem Norræna ráðherranefndin hefur hrundið af stað til að tryggja börnum og ungmennum á Norðurlöndum öruggt stafrænt umhverfi.

Nefndin veitir því athygli að verkefnið „Norrænt samstarf um tryggara rafrænt lýðræði fyrir börn og ungmenni“ er unnið í samstarfi við stýrihóp sem aftur hefur skipað norrænan starfshóp með fræðimönnum og sérfræðingum landanna á þessu sviði sér til halds og trausts. Þetta virðist nokkurn veginn svara til þess starfshóps sem nefndin hafði í huga.



Norræna ráðherranefndin hefur einnig fullvissað nefndina um að mörg þeirra mála sem nefndin reifar í álitu sínu séu þegar til umfjöllunar eða verði tekin upp innan ramma verkefnisins. Þá hefur skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar skuldbundið sig til að koma þeim álitamálum sem nefndin setur fram í álitu sínu á framfæri við verkefnisstjóra verkefnisins „Norrænt samstarf um tryggara rafrænt lýðræði fyrir börn og ungmenni“.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin telur að svar ráðherranefndarinnar sé fullnægjandi og leggur því til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 3/2025, sem varðar örugg stafræn Norðurlönd fyrir börn og ungmenni, til greina og líti svo á að málið sé endanlega afgreitt af hálfu ráðsins.

Nefndin mun þó áfram halda málinu á lofti og fylgjast með framvindu starfs ráðherranefndarinnar við að skapa örugg stafræn Norðurlönd fyrir börn og ungmenni. Hún óskar eftir áframhaldandi nánnum samskiptum við ráðherranefndina hvað þetta mál varðar.

Nefndin býður þess með tilhlökkun að sjá niðurstöðurnar úr verkefninu „Norrænt samstarf um tryggara rafrænt lýðræði fyrir börn og ungmenni“ haustið 2026 og á grundvelli þeirra að halda áfram viðræðum við Norrænu ráðherranefndina um hvernig nýta megi tillögurnar til að tryggja börnum og ungmennum öruggt stafrænt umhverfi á Norðurlöndum.

Ósló, 16. september 2025

Guðmundur Ari Sigurjónsson (Sf)

Kirsti Leirtrø (A)

Lars Mejern Larsson (S)

Per Husted (S)

Pinja Perholehto (sd)

Frederik Bloch Münster (KF)

Marko Kilpi (saml)

Noora Fagerström (saml)

Catarina Deremar (C)

Guðbrandur Einarsson (Vr)

Kathrine Kleveland (Sp)

Timo Furuholm (vänst)

Joakim Vigelius (saf)

Anna-Lena Hedberg (SD)